

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL · 107 REYKJAVÍK · S: 91-29899 og 19200 · NNR. 5978—8922.



Stofnað 1949

6. fundur stjórnar L.H. í Bændahöllinni 5. mars kl. 13.30.

Mættir voru: Kári Arnórsson, Halldór Gunarsson, Jón Bergsson, Gunnar B. Gunnarsson, Skúli Kristjánsson, Ingimar Ingimarsson.
Varamenn voru ekki boðaðir.

1. Símafundurinn frá 25.02. mæltist vel fyrir og talið sjálf-
sagt að nota þetta form við afgreiðslu ákveðinna mála sem
væru vel undirbúinn.
2. Formaður skýrði frá viðræðum forráðamanna Óðins í A-Hún,
um breytingar á búningi þeirra. Óskar stjórn L.H. eftir
því að Óðinn hætti með þennan búning, vegna þess hversu
bessi búningur Óðins líkist búningi Félags tamningamanna.
Formaður kynnti bréf frá hestamannaf. Skugga þar sem þeir
segja frá samb. félagsfundar varðandi búning. Stjórn L.H.
samþykkir erindi Skugga.
Þá kynnti formaður bréf frá hestamannaf. Goða, Fáskrúðsfirði
þar sem félagið fer fram á breytingu á félagsbúningi sínum.
Stjórn L.H. samþykkir breytinguna.
3. Gylfi Geirsson kom á fundinn til viðræðna við stjórnina
en hann er einn af umsækjendum um framkvæmdastjórástarf
hjá L.H. Gylfi svaraði vel og greiðlega þeim spurningum
sem fyrir hann voru lagðar. Hann taldi sig vel í stakk
búinn til að taka starfið að sér og hafa mikinn áhuga
fyrir starfsemi L.H. og hestamennsku almennt.
Gylfi ræddi m.a. um stöðu L.H. og taldi nauðsyn á að bæta
upplýsingastreymi frá stjórn og skrifstofunni til hins
almenna félga. Gylfi dvaldi um 25 mínútur á fundinum og
var honum þökkuð koman og góð viðkynning.

Stjórnarmenn ræddu í stutta stund viðbrögð sín við komu
Gylfa og því sem hann sagði og svaraði.

Þá kom til viðræðna við stórn L.H. Sigurður Þórhallsson
annar umsækjandi um framkvæmdastjórástarf hjá L.H.
Rætt var á svipuðum nótum við Sigurð og Gylfa áður á fundinum.
Sigurður svaraði vel og greiðlega þeim spurningum sem að
honum var beint og bauð af sér góðan þokka.

Alls sóttu 12 um stöðu framkvæmdastjóra L.H. Guðmundur
og Kári boðuðu alla umsækjendur til sín í viðtöl og að þeim
loknum voru Gylfi og Sigurður teknir út úr til frekari við-
ræðna. Þess vegna komu þeir tveir til viðræðna við stjórnina
á þennan fund og til að velja á milli þeirra tveggja í
starfið.

Að loknum viðræðum við þá Gylfa og Sigurð ræddu stjórnar-menn sín á milli um umsækjendur báða. Að umræðum loknum var ákveðið að afgreiða málid með leynilegri kosningu.

Atkvæði stjórnar fíllu þannig:

Sigurður Þórhallsson, 4 atkv.

Gylfi Geirsson, 2 atkv.

Í framhaldi á vali framkvæmdastóra var rædd aðild HÍS að ráðningu hans kvað varðar þáttköku þeirra í rekstri skrif-stofu L.H. og að jafnframt þyrfti að gera skriflegan samning um þetta mál á milli L.H. og HÍS.

Einnig taldi stjórnin nauðsynlegt að búa til erindisbréf fyrir framkvæmdastjóra L.H.

4. Ráðstefna um stórmótahald. Lagðar voru fram tvær skýrslur varðandi Landsmótið 1990.

a) Skýrsla frá, framkvæmdanefnd landsmótsins.

b) Nefndarálit L.H. vegna landsmótsins 1990.

Skúli skýrði skýrslu framkvæmdanefndar landsmótsins 1990, sem tekin var saman af framkvæmdastjórn mótsins.

Skúli kom viða við í umfjöllun sinni um skýrsluna og taldi skýrslugerð af þessum toga nauðsynlegan þátt í uppgjöri mótsins.

Þá tók Ingimar til máls og skýrði nefndarálit L.H.

Nefndin hélt two fundi og skilaði greinargóðri úttekt á landsmótinu 1990.

Í nefndinni áttu sæti:

Ingimar Ingimarsson form., Gunnar Arnarson, frá Félagi tamningamanna, Olil Amble frá Dómarafélagi L.H., Páll Dagbjartsson frá framkvæmdastjórn mótsins, Kolbrún Kristjánsdóttir æskulýðsfulltrúi L.H., Elísabet Þórólfss-dóttir og Högni Bæringsson úr hópi áhorfenda auk Kristins Hugasonar hrossaræktarráðunauts hjá Búnaðarfélgi Íslands.

Ingimar fjallaði um nefnarálitið út frá ýmsum sjónarhornum sem þar komu fram. Stjórn L.H. telur nauðsynlegt að slík úttekt sem þessi sem nefndin framkvæmdi sé nauðsynleg að loknu hverju stórmóti. Hér verða ekki rakin efnisleg atriði frekar, en vísað í þess stað til nefndarálitsins sjálfs.

Formaður L.H. Kári Arnórsson tók síðan til máls og þakkaði nefndinni vel unnið starf. Hann taldi nauðsynlegt að loknu hverju stórmóti yrði gerð úttekt á vegum stjórnar L.H. með slíkum hætti og nú var gert.

Þessu næst fjallaði Skúli um reikninga landsmótsins 1990 og las upp úr þeim helstu niðurstöður. Að öðru leiti vísast í reikninga landsmótsins. Nokkur umræða var um reikningana.

Eftirtöldum aðilum skal send greinargerð framkvæmda-nefndar landsmótsins 1990 og nefndarálit L.H. um stórmótahald auk reikninga landsmótsins '90.

- a) stjórnarmönnum í L.H.
- b) Búnaðarfélagi Íslands.

5. Gunnar kynnti bréf frá Dómarafélagi L.H. um kaup og kjör gæðinga og unglingsadómara á mótum hestamannafél-aganna þ.a.m. á fjórðungs- og landsmótmóum.

Fundurinn samþykkti að fela Gunnari B. að skrifa Dómarafélaginu bréf og kynna afstöðu stjórnar L.H. til erindis félagsins. Í framhaldi yrði síðan fundað með Dómarafélaginu þar sem gengið yrði frá samningi við dómara um kaup og kjör þeirra.

6. Rædd var ósk Guðmundar Jónssonar fulltrúa L.H. í Hrossaræktarnefnd Búnaðarfélags Íslands um að hann hætti í nefndinni. Stjórn L.H. óskar eftir að Guðmundur endurskoði afstöðu sína með tilliti til þessa.
7. Formanni Kára Arnórssyni var falið að ræða við hrossaræktarráðunauta B.Í. um bætt samskipti.

Halldór Gunnarsson
Jón Bergsson
Ingimar Ingimarsson
Gunnar B. Gunnarsson.

Kári Arnórsson
Skúli Ögm. Kristjónsson.